

Nr. 20/1911:

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
B. H. Bjarnason.

D ó m u r:

Auk venjulegs vatnsskatts af íbúðarhúsi hefir bæjarstjórn Reykjavíkur krafist þess, að stefndi, Brynjólfur Bjarnason kaupmaður hér í bænum, greiði aukagjald 1⁰/₁₀₀ af virðingarverði húss hans nr. 7 við Aðalstræti. Byggir bæjarstjórnin kröfu sína á því, að í húsi þessu sé sölubúð, en umrætt aukagjald hafi verið innheimt af sölubúðum kaupstaðarins samkvæmt 2. gr. í bráðabirgðarreglugerð 30. desember 1909, um niðurrjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

Þetta aukagjald hefir fyrir ársfjórðunginn frá 1. okt. til 31. desbr. 1909 og fyrir alt árið 1910 numið kr. 20,12. Með því stefndi neitaði að greiða aukagjald þetta, þá krafðist bæjarstjórnin lögtaks á þessum eftirstöðvum vatnsskattsins, en með úrskurði uppkveðnum 3. apríl þ. á. neitaði bæjarfógetinn í Reykjavík að framkvæma lögtakið. Þessum úrskurði hefir bæjarstjórnin skotið til yfirdómsins með stefnu útgefni 1. maí þ. á. og hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi feldur og fógeti skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, og stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað eftir mati réttarins. Hins vegar hefir stefndi krafist þess, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og bæjarstjórn Reykjavíkur dæmd til þess, að greiða honum málskostnað fyrir fógetarétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi byggir mótmæli sín gegn greiðslu þessa auka-

gjalds á því, að 3. grein í lögum 22. nóvbr. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, heimili hvergi að lagt sé aukagjald á verzlunarhús sem slík; 3. grein nefndra laga heimili að eins aukagjald á þau fyrirtæki, þar sem vatnið sé notað beinlínis sem þáttur við rekstur fyrirtækisins sjálfs, og sé auðsjáanlega gengið út frá því, að vatnsnotkunin fari fram úr eða sé öðruvísi en til venjulegrar heimilisnotkunar, en þetta eigi sér ekki stað um verzlunir, þar þurfi yfirleitt minna vatn en til almennra heimilisþarfa, þar eð vatn sé þar eingöngu notað til þvotta og ræstingar.

Í 3. gr. í nefndum lögum 22. nóvbr. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, er veitt heimild til þess, að leggja sérstakt aukagjald á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa. Þetta ákvæði verður ekki skilið öðruvísi en svo, að það sé skilyrði fyrir því, að innheimta megi sérstakt aukagjald til vatnsveitunnar, að vatnsnotkunin sé öðruvísi eða fari fram úr vatnsnotkun til venjulegra heimilisþarfa, og annað verður heldur ekki álitid að felist í ákvæði 2. gr. í bráðabyrgðarreglugjörð 30. desbr. 1909 um aukagjald af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, enda kemur sú aðalregla ljóslega fram í reglugerðinni, að miða upphæð vatnsskattsins við vatnsnotkunina.

Þar sem ekki verður álitid, að vatnsnotkun verzlana yfirleitt, sé öðruvísi eða fari fram úr vatnsnotkun til venjulegra heimilisþarfa, er ekki heimild til þess alment, að leggja aukagjald á verzlunarhús, og um verzlun þá, er hér ræðir um, hefir því ómótmælt verið haldið fram, að vatn sé þar eingöngu notað til gólfþvotta og ræstingar.

Þar sem þessi vatnsnotkun fer ekki fram úr eða er öðruvísi en vatnsnotkun til venjulegra heimilisþarfa, brestur heimild til þess, að leggja aukagjald á hús stefnda. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfryjaða fógetaréttarúrskurð og eftir þessum úrslitum þykir rétt, að bæjarstjórnin greiði stefnda 40 kr. sem málskostnaðarendurgjald.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfryjaði fógetaréttarúrskurður skal vera óraskaður. Áfryjandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, greiði stefnda, kaupmanni B. H. Bjarnason, 40 kr. upp í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 24/1911:

Réttvísinn
gegn
Sigurgarði Sturlusyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu uppkveðnum 27. sept. f. á. var Sigurgarður Sturluson bóndi á Eysteins-eyri við Tálknafjörð dæmdur samkvæmt 270. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir að falsa póstkvittanir, og til að greiða landsímanum 45 aura í skaðabætur, svo og til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun